

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Ár 2001, föstudaginn 2. mars kom úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman í Kringlunni 7, Reykjavík, til þess að kveða upp úrskurð í ágreiningsmáli nr. 2/2000

Landssími Íslands hf.

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

Fyrir nefndinni lá kæra frá Landssíma Íslands hf. (LÍ), dags. 21. desember 2000, þar sem kærðar eru ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 6. og 20. desember 2000 um fastagjald fyrir talsíma og þess krafist að þær verði felldar úr gildi og viðurkennt að fyrri ákvörðun PFS frá 27. mars 2000 standi. Þá var gerð krafa um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar á meðan kæran sé til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni skv. 5. gr. reglugerðar nr. 378/1999. Í kærinni eru málavextir raktir og kröfur rökstuddar.

Nefndinni barst greinargerð frá PFS dags. 19. janúar 2001, þar sem krafist er að viðurkennt verði að PFS hafi verið heimilt að gera þær leiðréttingar á fastagjaldi fyrir talsíma, sem tilkynntar voru kæranda 6. og 20. desember 2000 og að endanleg leiðrétting sem tilkynnt var 20. desember 2000 verði staðfest. Í greinargerðinni eru umræddar ákvarðanir rökstuddar.

Krafa LÍ um frestun réttaráhrifa var tekin fyrir hjá nefndinni þann 4. janúar 2001, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu í úrskurði að ekki væri ástæða til að fresta réttaráhrifum hinna kærðu ákvarðanna með vísan til 5. gr. reglugerðar nr. 378/1999, þar sem segir að kæra til úrskurðarnefndar fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema sérstakar ástæður mæli með því.

Þann 1. febrúar 2001 fór fram munnlegur málflutningur fyrir nefndinni, þar sem mættir voru fyrir hönd LÍ, Páll Ásgrímsson lögfræðingur, Sveinn Arason frá ríkisendurskoðun og Hrannar Hólm frá KPMG. Að hálfu PFS mættu Gústav Arnar forstöðumaður, Sigurjón Ingvason lögfræðingur og Ingi R. Jóhannsson og Páll Steingrímsson frá Deloitte & Touche.

Gerðu aðilar grein fyrir kröfum sínum, rökstuddu þær, og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Reyndar voru sættir en án árangurs.

Að loknum málflutningi var ágreiningsmálið tekið til úrskurðar.

Málavextir eru þeir að í lögum nr. 107/1999 um fjarskipti, sem tóku gildi 1. janúar 2000, er ákvæði til bráðabirgða II svohljóðandi:

“ Rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild skal heimilt að færa fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað að viðbættri hæfilegri álagningu.

Kostnaðarútreikningar fyrir talsímaþjónustu skulu lagðir fyrir Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en 1. mars 2000 og skal stofnunin með hliðsjón af kostnaði ákveða fastagjald yfir síma, sem taka skal gildi eigi síðar en 1. apríl 2000.....”

Enginn ágreiningur er um það að bráðabirgðaákvæðinu er eingöngu beint að LÍ.

Tilgangur þessa lagaákvæðis mun hafa verið sá að með opnun fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði væri nauðsynlegt að leiðrétta verð fyrir mismunandi talsímaþjónustu,

þannig að verðin verði hvert fyrir sig sem næst reiknuð út frá kostnaði en á liðnum árum mun fastagjald fyrir síma hafa verið niðurgreitt af hagnaði af öðrum þáttum símaþjónustu, sem geti þá hindrað eðlilega samkeppni á markaðnum.

Í samræmi við þetta fór af stað vinna í upphafi ársins 2000 í þeim tilgangi að PFS gæti ákvarðað gjaldið í samræmi við markmið lagaákvæðisins. Fékk PFS í byrjun febrúar 2000 sérfræðinga frá Deloitte & Touche sér til aðstoðar við verkefnið.

Í því skyni að safna nauðsynlegum gögnum um kostnað og fá aðrar upplýsingar voru haldnir fjórir fundir með starfsmönnum PFS og LÍ á tímabilinu 28. janúar til 11. febrúar. Þá voru viðbótarupplýsingar veittar að beiðni PFS með bréfi LÍ ásamt greinargerð dags. 29. febrúar og tölvupóstum 14. mars.

Í útreikningum LÍ varðandi arðsemi af fjárfestingum var miðað við að gildi WACC (Weighted Average Capital Cost) væri 12,22%. PFS óskaði eftir frekari upplýsingum um hvað lægi að baki þeirri tölu. Í svari LÍ og meðfylgjandi útreikningum var sú tala leiðrétt og talið að gildi WACC á ávöxtunarkröfu ætti að vera 12,81%. Kom fram í svarinu að tekið væri mið af ársreikningum fyrirtækisins fyrir rekstrarárið 1998. Útreikningar LÍ voru sendir af PFS til ráðgjafa þeirra hjá Deloitte & Touche til endurskoðunnar. Niðurstaða Deloitte & Touche var að WACC gildi, reiknað á grundvelli upplýsinga í ársreikningi LÍ fyrir árið 1998 skyldi vera 11,82%.

Á grundvelli kostnaðar og annarra upplýsinga frá LÍ og skýrslu Deloitte & Touche um gildi WACC tók PFS svohljóðandi ákvörðun um fastagjaldið samkvæmt bráðabirgðaákvæði II, sbr. bréf og greinargerð PFS til LÍ dags. 27. mars 2000.

“ Póst- og fjarskiptastofnun hefur í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjarskipti nr. 107/1999 tekið ákvörðun um mánaðarlegt fastagjald fyrir talsímaþjónustu. Frá 1. apríl 2000 skal fastagjaldið fyrir heimilissíma vera kr. 820 á mánuði og frá 1. janúar 2001 kr. 1.111 á mánuði.

Fastagjald fyrir atvinnusíma skal vera kr. 1.365 á mánuði frá 1. apríl 2000 og kr. 1.667 frá og með 1. janúar 2001....”

Þann 1. ágúst 2000 óskaði LÍ eftir endurskoðun á verðskrá fyrir leigulínur og sendi PFS greinargerð þar að lútandi. Þar kom m.a. fram að með tilkomu endurmats á eignum LÍ hefði WACC gildið lækkað úr 11,82% í rúmlega 10%. Í útreikningum LÍ fyrir stofnlínur var það hlutfall notað en 11,82% fyrir notendalínur. Í bréfi PFS dags. 25. ágúst 2000 var óskað eftir skýringum á þessum breytingum, þar sem nú sé breytt út af reikniðferðum, sem notaðar hafi verið við fyrri ákvörðun um leigulínur. Svar LÍ barst PFS 31. ágúst 2000, þar sem sú skýring var gefin á lækkun gildis WACC að nú sé miðað við síðasta ársreikning fyrirtækisins en skuldastaða þess hafi breyst við endurmat á viðskiptavild þess. Það hafi þau áhrif að WACC gildið hafi lækkað í 10,06%.

Í tölvupósti 6. september 2000 sendi LÍ endurskoðaðar upplýsingar og tillögur, þar sem reiknað gildi WACC var nú 10,06%, jafnt fyrir neytendalínur og stofnlínur.

Á grundvelli þeirra upplýsinga frá LÍ um breytingu á gildi WACC á milli áronna 1998 og 1999 og með hliðsjón af því að ákvörðun PFS á fastagjaldi fyrir talsíma 27. mars 2000 hafi byggst að nær öllu leyti á rekstrartölum árið 1999 og fjárfestingum fram til ársloka 1999 óskaði PFS eftir því við ráðgjafa sína, Deloitte & Touche, að þeir könnuðu hversu hátt fastagjaldið hefði átt að vera ef gildi WACC fyrir árið 1999 hefði legið fyrir við

ákvörðun gjaldsins. Útreikningar ráðgjafanna bárust PFS 27. september 2000. Töldu þeir að endanlegt gjald frá og með 1. janúar 2001 ætti að lækka og vera kr. 1.051 fyrir heimilissíma en ekki kr. 1.111 og fyrir atvinnusíma kr. 1.576 en ekki kr. 1.667.

Þann 6. desember 2000 sendi PFS bréf til LÍ, þar sem sagði að ljóst megi vera að hefði endurmatið og ársreikningar LÍ legið fyrir í lok mars 2000 hefði ákvörðun um fastagjaldið orðið önnur. Fyrri ákvörðun um fastagjaldið hafi byggt á kostnaðartölum frá LÍ en til að finna eðlilega arðsemi hafi verið stuðst við uppgjörstölur fyrirtækisins um rekstur þess 1998. Á grundvelli þessara fyrirbyggjandi upplýsinga hafi það verið sameiginleg niðurstaða PFS og LÍ, þegar ákvörðun um fastagjaldið var tekin, að rétt gildi WACC væri 11,82%. Jafnframt að eftir að þessi ákvörðun var tekin hafi ársreikningar LÍ fyrir árið 1999 verið birtir ásamt endurmati á eignum fyrirtækisins, sem hefði þá leitt til annarrar niðurstöðu ef þær upplýsingar hefðu legið fyrir. Jafnframt að við ákvörðun á verðskrá fyrir leigulínur innanlands hafi verið tillit tekið til endurmatsins og WACC sett í því tilviki jafnt og 10,06%.

Hafi því svohljóðandi ákvörðun verið tekin, að reikna út nýtt fastagjald í samræmi við WACC jafnt og 10,06%, þannig að dregið yrði nokkuð úr fyrirhugaðri hækkun þann 1. janúar 2001.

“Grunngildi fyrir mánaðargjald talsíma sem var reiknað kr. 1.275 reiknast nú kr. 1.205. Heimilissímagjald verður kr. 1.051 og atvinnusímagjald kr. 1.575, þ.e. nær 50% hærra. Hækkunin sem verður um áramót er það af leiðandi kr. 231 í stað 291 fyrir heimilissíma og kr. 210 í stað 302 fyrir atvinnusíma”.

Með bréfi dags. 12. desember 2000 mótmælti LÍ þessari fyrirhuguðu lækkun á fastagjaldinu, bæði út frá forsendum hennar, þar sem misskilnings hefði gætt um áhrif lækkandi innri vaxta á kostnað félagsins og einnig að PFS hafi verið óheimilt að taka upp fyrri ákvörðun, sem hafi verið endanleg. Þá taldi LÍ að andmælaréttur hefði verið brotinn á sér við þessa breytingu á fastagjaldinu.

Í framhaldi af bréfi LÍ óskaði PFS eftir greinargerð frá Deloitte & Touche um fyrrgreindar staðhæfingar LÍ um hugsanlegan misskilning af hálfu PFS um áhrif innri vaxta. Í greinargerð endurskoðunarfyrirtækisins, dagsettri 19. desember 2000, eru færð eru rök fyrir því að með tilliti til breytinga á fjárhagsskipan félagsins vegna góðrar afkomu árið 1999 og að hlutfallið á milli vaxtaberandi skulda og eiginfjár hafi breyst til muna frá því sem var fyrir ári, reiknist nýtt WACC hlutfall jafnt og 10,59%.

PFS ritaði LÍ bréf í framhaldi af þessari niðurstöðu dags. 20. desember 2000, þar sem sagði að útreikningar á WACC, sbr. bréf 6. desember 2000, hafi komið frá LÍ og þeir viðurkenndir af PFS á grundvelli upplýsinga frá LÍ. Útreikningarnir hafi hins vegar ekki verið byggðir á réttum forsendum. Því þurfi að endurskoða það gildi WACC sem notað var og hafa nú til hliðsjónar endurskoðaða leiðréttingu fastagjalds á grundvelli athugasemda Deloitte & Touche. WACC gildið skuli því verða 10,59%, og voru því svohljóðandi leiðréttingar gerðar á upphæðum í bréfi PFS frá 6. desember 2000.

“Grunngildi mánaðargjalds fyrir talsíma, sem upphaflega var reiknað kr. 1.275 reiknast nú eftir síðustu leiðréttingu á WACC kr. 1.226. Heimilissímagjald leiðréttest í samræmi við það kr. 1.608 með vsk. og atvinnusímagjald í kr. 1.603 með vsk. Hækkun um áramót frá gildandi gjaldi verður 248 fyrir heimilissíma í stað kr. 291 og kr. 238 fyrir atvinnusíma í stað kr. 302”.

Þessari ákvörðun PFS um fastagjaldið vildi LÍ ekki una (né heldur frá 6. desember) og hefur því kært hana til úrskurðarnefndarinnar.

Málsástæður og lagarök aðila:

LÍ færir þessi helstu rök fyrir þeirri kröfu sinni að ákvarðanir PFS frá 6. og 20. desember 2000 skuli felldar úr gildi og ákvörðunin frá 27. mars um fastagjaldið skuli standa:

Að um sé að ræða nýjar ákvarðanir um fastagjaldið, sem ekki geti kallast leiðréttingar í skilningi 2. mgr. 23. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Til þessara breytinga á fastagjaldinu frá fyrri ákvörðun hafi PFS ekki heimild að lögum.

Að ákvörðun PFS frá 27. mars 2000 um upphæð fastagjaldsins hafi verið endanleg. Kostnaðarútreikningar og aðrar upplýsingar hafi legið fyrir þegar PFS ákvarðaði gjaldið. Samkvæmt upplýsingum frá PFS hafi við ákvörðun gildis WACC verið miðað við fjárhagsskipan fyrirtækisins í árslok 1998. Á þessum tíma hafi PFS verið eða mátt vera ljóst að vinna starfshóps við endurmat á stofnefnahag félagsins verið langt á veg komin. Hafi PFS ætlað sér að breyta ákvörðuninni með tilliti til upplýsinga úr ársreikningi 1999 hafi þeim verið rétt og skylt að áskilja sér rétt til að taka ákvörðunina upp aftur þegar ársreikningar 1999 lægju fyrir. PFS hafi engann fyrirvara gert um það að ákvörðun hennar væri ekki endanleg.

Þá hafi andmælaréttur LÍ skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga verið brotinn. PFS hafi borið skylda að upplýsa LÍ um að mál fyrirtækisins væri til meðferðar og gefa því þar með kost á að tjá sig um málið. Það hafi ekki verið gert. Því hafi LÍ ekkert um málið vitað fyrr en með bréfi PFS 6. desember, þar sem LÍ var fyrst tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á fastagjaldinu.

Þá er á því byggt að kostnaðargreining sú, sem unnin var hjá LÍ í nánu samráði við PFS og sem lögð var til grundvallar ákvörðun um fastagjaldið, hafi verið allt annað verkefni en það sem matsnefndin vann til endurmats á verðmæti Póst- og símamálastofnunar áður en henni var breytt í hlutafélag. LÍ telur alls óeðlilegt að blanda þessum tveimur verkefnum/niðurstöðum saman enda hafi matsnefndin beitt allt öðrum aðferðum og tilgangur vinnu hennar annar.

Jafnframt að matsnefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að um hafi verið að ræða vanmat á verðmæti félagsins sem fært var í efnahag þess. Í því hafi falist keypt viðskiptavild, sem sé í raun viðbótarfjárfesting í fastafjármunum og að taka beri tillit til þessa kostnaðar við mat á tekjumöguleikum félagsins. Að leggja hefði átt til grundvallar hlutdeild fastakerfis í viðskiptavildinni en það hafi PFS ekki gert, þegar ákvörðun var tekin um seinni hluta hækkunarinnar.

Einsýnt sé að PFS hafi ekki mátt né átt að blanda saman aðgerðum sem ríkissjóður viðhafði til að fá endurgjald fyrir vanmat eigna Póst- og símamálastofnunar eins og það var útreiknað af starfshópnum við þá aðgerð sem stofnunin notaði við að ákvarða fastagjaldið. Að verið sé að láta LÍ gjalda tvívegis fyrir viðskiptavildina í gegnum rekstur í formi afskrifta og vaxtagjalda og hins vegar í lækkuðum tekjum vegna lækkaðs fastagjalds.

PFS færir þessi helstu rök fyrir kröfu sinni um að ákvarðanir um fastagjaldið, sem tilkynntar voru til LÍ 6. og 20. desember skuli standa:

Við ákvörðun á fastagjaldi fyrir talsímapjónustu hafi verið ákveðið að reikna arðsemi af fjárfestingum með WACC gildi. Um þetta hafi ekki verið ágreiningur né heldur um reikningsaðferðina fyrir WACC.

Að um sé að ræða réttmæta leiðréttingu á fastagjaldinu vegna breytinga á WACC. Þar sem ársreikningar LÍ fyrir árið 1999 lágu ekki fyrir, þegar upphafleg ákvörðun var tekin, hafi auglýsinga ekki verið hægt að styðjast við WACC gildi LÍ fyrir árið 1999. Það hefði hins vegar verið eðlilegt í ljósi þess að þær upplýsingar sem lágu til grundvallar ákvörðunni hafi ýmist verið fyrir árið 1999 eða náð yfir tímabil sem endaði í árslok 1998.

Að PFS hafi ekki haft undir höndum upplýsingar, sem gætu gefið til kynna að veruleg breyting myndi eiga sér stað á WACC gildi fyrir LÍ milli árana 1998 og 1999. Ákvörðunin hafi því verið byggð á kostnaðartölum frá LÍ, eðlilega arðsemi, og uppgjörstólum fyrir rekstur fyrirtækisins árið 1998.

Það hafi verið sameiginleg niðurstaða PFS og LÍ að rétt gildi WACC væri 11,82%.

Við ákvörðun um breytingu á verðskrá fyrir leigulínur innanlands hafi LÍ lagt fram nýtt gildi WACC, sem hafi byggt á ársreikningum, sem voru birtir í millitíðinni. Hið nýja gildi hafi verið 10,06% og hafi það því breyst um 15% frá fyrra ári. LÍ hafi viljað nota nýja WACC gildið fyrir stofnlínur en 11,82% fyrir notendalínur. Það hafi hins vegar verið ákveðið af PFS að halda sig við sömu niðurstöður og útreikninga á fastagjaldi LÍ enda eðlilegt að verðleggja sama hlutinn eins en ekki á mismunandi hátt með nokkra mánuða millibili.

Ljóst megi því vera að ef endurmatið og ársreikningar LÍ 1999 hefðu legið fyrir í mars 2000, hefði ákvörðun um fastagjald orðið önnur. Því sé einungis um að ræða eðlilega leiðréttingu á ákvörðun PFS frá 27. mars 2000.

Það hljóti að vera eðlilegt að það WACC gildi sé notað, sem gildi fyrir það tímabil sem reikningar sem liggja til grundvallar ákvörðunni miðist við.

Að rétt sé að byggja á þeim upplýsingum sem fyrir hendi séu og réttastar hverju sinni. Við ákvörðunina 27. mars 2000 hafi orðið veruleg hækkun á fastagjaldi talsíma, sem nemi samtals 108% fyrir heimilissíma og 56% fyrir atvinnusíma. Þetta séu miklar álögur á alla símnötendur og því óverjandi að leiðetta ekki útreikninga, þegar réttar tölur liggja fyrir um tilkostnað LÍ og arðsemiskröfur félagsins.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sé PFS heimilt að leiðrétta bersýnilega villu í stjórnvaldsákvörðun. Ekki sé um að ræða neina breytingu á reiknaðferð heldur aðeins leiðréttingu á einni stærð, sem sé bersýnilega röng. Þessi villa hafi átt að vera LÍ ljós frá upphafi, þar sem LÍ hafi mátt vita hvert stefndi varðandi endurmat á eignum þess en þeim upplýsingum hafi ekki verið komið til PFS.

Sú staðreynd að þær upplýsingar sem LÍ lagði fyrir PFS gáfu ekki rétta niðurstöðu hljóti að leiða til þess að LÍ verði að sæta því að fastagjaldið sé leiðrétt.

Niðurstaða:

Í lögum nr. 107/1999 um fjarskipti, sem tóku gildi 1. janúar 2000, var sett ákvæði til bráðabirgða II, þar sem PFS var ætlað að ákveða fastagjald fyrir talsíma hjá rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild með hliðsjón af kostnaði.

Enginn ágreiningur er um það að bráðabirgðaákvæðið á við um LÍ. Tilgangurinn með þessu lagaákvæði var sá að leiðréttá mismunandi verð fyrir talsímaþjónustu en fastagjald fyrir talsíma mun hafa verið niðurgreitt af öðrum þáttum símaþjónustu.

Með opnun fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði var talið nausynlegt að grípa til þessara ráðstafana í þeim tilgangi að eðlileg samkeppni gæti átt sé stað.

Kostnaðarreikningar fyrir talsímaþjónustu skyldu lagðir fyrir PFS ekki síðar en 1. mars 2000 og skyldi PFS ákveða fastagjaldið með hliðsjón af kostnaði ekki síðar 1. apríl 2000.

Í framhaldi af þessu fór af stað í ársbyrjun 2000 ítarleg upplýsinga- og gagnaöflun hjá PFS varðandi kostnað á hinum ýmsu þáttum talsímaþjónustunnar hjá LÍ. Haldnir voru fundir um málið með starfsfólki PFS og LÍ, auk þess sem skriflegar upplýsingar gengu á milli aðila. Á þessum tíma lágu ársreikningar LÍ ekki fyrir en byggt var engu að síður á áætluðum kostnaðartölum ársins 1999 eins og næst þeim varð komist. Við ákvörðunina um fastagjaldið 27. mars 2000 var varðandi arðsemi af fjárfestingum LÍ stuðst við svonefnt WACC gildi (Weighted Average Capital Cost). Í útreikningum LÍ til PFS í þeim efnum var miðað við rekstrarárið 1998 og WACC gildið talið 12,81%. Eftir að hafa látið endurskoða útreikninga LÍ hjá Deloitte & Touche, sem voru sérstakir ráðgjafar PFS í málinu, ákvað PFS að rétt WACC gildi vegna ársins 1998 væri 11,82% og var við það miðað við ákvörðun fastagjaldsins 27. mars 2000.

Með bréfi samgönguráðuneytisins 1. nóvember 1999 var skipaður starfshópur, sem ætlað var að framkvæma nýtt mat á verðmæti þeirra eigna, sem Póstur og sími hf. yfirtók í ársbyrjun 1997. Ástæðan fyrir skipun starfshópsins var sú að í áliti samkeppnisráðs nr. 6/1999 var talið að fastafjármunir fyrirtækisins hefðu verið vanmetnir og viðskiptavild ekki metin og þar af leiðandi ekki eignfærð. Í skýrslu dags. 8. apríl 2000 komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að fastafjármunir og viðskiptavild LÍ hefðu verið verulega vanmetin.

Í bréfum LÍ til PFS þann 1. og 31. ágúst 2000, þar sem óskað var eftir endurskoðun á verðskrá fyrir leigulínur, kom fram að með tilkomu endurmats á viðskiptavild fyrirtækisins hefði WACC gildi þess lækkað í 10,06%.

Ágreiningsefnið í máli þessu snýr eingöngu að því hvort PFS hafi verið heimilt að endurreikna til lækkunar fastagjaldið, eins og það var ákveðið 27. mars 2000, með tilliti til þessarar breytingar á WACC gildi LÍ milli árana 1998 og 1999, sem fylgdi í kjölfar eignamatsins. Lækkunin varð fyrst og fremst vegna þess að við endurmatið á eignum fyrirtækisins var sú ákvörðun tekin að auka skuldsetningu á fyrirtækinu til endurgreiðslu á matshækkuninni í stað þess að auka eigið fé, sem leiddi til þess að eiginfjárstaða fyrirtækisins varð lægri eftir endurmatið en fyrir það.

Eins og áður sagði notaði PFS við ákvörðunina 27. mars 2000 um upphæð fastagjaldsins áætlaða kostnaðargreiningu LÍ vegna rekstrarársins 1999. Hins vegar var stuðst við WACC gildi fyrirtækisins 1998. Á þessum tíma vissi eða mátti PFS vita að fram fór endurmat á eignum LÍ vegna ætlaðs gruns um verulegt vanmat á eignum fyrirtækisins. Þegar PFS tók ákvörðun sína um fastagjaldið 27. mars 2000 var ljóst að ársreikningar LÍ fyrir 1999 lágu ekki fyrir og að í vinnslu var endurmat á eignum fyrirtækisins. Enginn fyrirvari var gerður að hálfu PFS um að leiðréttá ákvörðun sína um fastagjaldið ef tilefni gæfist, þegar þessar upplýsingar lögju fyrir. Mátti LÍ því ætla að um endanlega ákvörðun væri að ræða.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að LÍ hafi gefið umbeðnar upplýsingar til PFS eftir bestu vitund og þekkingu og engu leynt í þeim efnunum.

Nefndin getur ekki fallist á að ákvarðanir PFS um breytingu á fastagjaldinu sbr. bréf 6. og 20. desember 2000 geti talist leiðrétting á bersýnilegri villu, sem heimilt sé að leiðrétta samkvæmt 23. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Breytir að mati nefndarinnar engu þótt ákvörðuninni hafi verið ætlað að taka gildi í tveimur áföngum.

Umrædd breyting telst íþyngjandi fyrir LÍ, þar sem hún leiðir til lækkunar á fastagjaldinu. Verður að gera auknar kröfur um heimild til breytinga á stjórnvaldsákvörðun, þegar svo stendur á.

Það er meginregla í stjórnarfarsrétti að ákvörðun stjórnvalds sé bindandi eftir að hún er komin til aðila, sbr. 20. og 23. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Í ljósi þessa telur nefndin að PFS hafi verið óheimilt að breyta ákvörðun sinni um fastagjaldið frá 27. mars 2000, sbr. bréf PFS 6. og 20. desember 2000.

Úrskurðarorð:

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar frá 6. og 20. desember 2000 um breytingar á fastagjaldi fyrir talsíma eru felldar úr gildi.

Ákvörðun PFS frá 27. mars 2000 skal standa óbreytt.

Úrskurð þennan þarf að bera undir dómstóla innan sex mánuða frá því að aðilar fengu vitneskju um hann.

Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ólafur Axelsson hrl, formaður.

Guðjón Káráson verkfræðingur.

Heimir Haraldsson framkvæmdastjóri